

Fundargerð 26. fundar ferðamálaráðs – 6. mars 2009

Fundurinn var haldinn á Ferðaþjónustu bænda föstudaginn 6. mars 2009, kl. 8.30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Einar Karl Haraldsson, Gunnar Sigurðsson, Helgi Már Björgvinsson, Pétur Rafnsson, Sævar Skaptason og Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu: Dagur B. Eggertsson. Jón Ásbergsson og Ólöf Ýrr Atladóttir.

Dagskrá:

1. Gjaldtaka á ferðamannastöðum: María Reynisdóttir, verkefnisstjóri
2. Atvinnuleysistryggingarsjóður: Dofri Hermannsson, ráðgjafi
3. Hvalveiðar og ferðaþjónustan.
4. Staða Promote Iceland umræðunnar.
5. Önnur mál.

Fundargerð síðasta fundar: Orðalagi breytt lítillega og fundargerðin samþykkt.

1. Gjaldtaka á ferðamannastöðum. María Reynisdóttir, verkefnisstjóri á Höfuðborgarstofu kynnti meistararitgerð sína um gjaldtöku á ferðamannastöðum.

Fyrirmyndir um slíkt eru til víða erlendis til að afla fjár til uppbyggingar ferðamannastaða. Í könnunum sem hún gerði við Gullfoss og í Skaftafelli kom fram vilji ferðamanna til að greiða aðgangseyri að stöðunum og myndi slíkar tekjur vera veruleg lyftistöng á viðkomandi svæðum enda gengið út frá að þeim yrði ekki varið annars staðar.

Miklar umræður spunnust um kynningu MR og gerði formaður það að tillögu sinni að ferðamálaráð vísaði því til Ferðamálastofu að endurtaka rannsóknina þegar á sumri komanda, gera hana á fleiri ferðamannastöðum og einnig á meðal fyrirtækja í greininni.

2. Atvinnuleysistryggingarsjóður: Dofri Hermannsson, ráðgjafi í iðnaðarráðuneyti kynnti Starfsorku og hvernig ferðaþjónustufyrirtæki gætu ráðið fólk í atvinnuleit í tímabundin verkefni. Fltr. SAF lýstu áhuga á að fá DH á fund hjá SAF til að kynna þetta frekar og lýsti hann sig reiðubúinn til þess.

3. Hvalveiðar og ferðaþjónustan.

Eftir umræður um m.a. erindi Hvalaskoðunarsamtaka Íslands til ferðamálaráðs var samþykkt var að senda iðnaðarráðherra bréf þar sem segir:

Ferðamálaráð tekur undir áhyggjur sem Samtök ferðaþjónustunnar og fyrirtæki í Hvalaskoðunarsamtökum Íslands, hafa þegar lýst af fyrirhuguðum hvalveiðum Íslendinga. Mikil vinna er framundan við að styrkja ímynd og orðspor landsins á erlendum vettvangi og er ekki síst horft til ferðaþjónustunnar í þeim efnum. Með því að leyfa hvalveiðar er þeim sem

starfa að landkynningu gert erfitt fyrir auk þess sem fyrirtæki sem lagt hafa í miklar fjárfestingar vegna hvalaskoðunar eru verulega uggandi um afkomu sína.

Ferðamálaráð telur það því grundvallaratriði fyrir hagsmuni ferðaþjónustunnar að lykilsvæðum

fyrir hvalaskoðun verði hlífð við veiðum og umferð hvalveiðibáta, sem fyrirsjáanlegt er að fari af stað á vordögum. Ráðið leggur jafnframt ríka áherslu á að fulltrúar ferðaþjónustunnar eigi formlega aðild að þeim viðræðum sem í hönd fara um endurskoðun ákvörðunar um hvalveiðar. Ferðamálaráð mælist til þess að ráðherra beiti sér fyrir því að ofangreindum sjónarmiðum verði mætt og að ríkir hagsmunir ferðaþjónustunnar vegi þungt í þeim ákvörðunum sem framundan eru í þessu efni.

GS lagði fram eftirfarandi bókun vegna þessa máls:

Árið 2007 var unnin skýsla fyrir Ferðamálastofu um áhrif hvalveiða í atvinnuskyni á ímynd Íslands og íslenska ferðaþjónustu. Skýrslan kostaði um 18 mkr. Undirritaður var í upphafi andvígur gerð þessarar skýrslu og taldi betra að eyða þessum fjármunum til landkynningar. Í skýslunni segir m.a. að á heildina litið hafi hvalveiðar í atvinnuskyni einhver neikvæð áhrif á viðhorf almenning til Íslands. Ennfremur segir að þær minnki líkurnar á að fólk í markhópnum heimsæki Ísland. Ennfremur segir í skýrslunni: "Af gögnum þeim er hér er fjallað um er engu að síður dregin sú ályktun að hvalveiðar Íslendinga í atvinnuskyni séu ólíklegar til að hafa mikil áhrif á íslenska ferðaþjónustu í brád" M.a. að þessari skýrslunni lesinni er það skoðun undirritaðs að hvalaskoðun og hvalveiðar í atvinnuskyni geti vel farið saman og að þær séu líklegar til að auka ferðamannastraum til Íslands ef rétt er á málum haldið. Það er skoðun undirritaðs m.a. með vísan til framangreinds, að stunda eigi hval- og hrefnveiðar enda séu þær veiðar sjálfbær nýting auðlindanna í hafinu umhverfis Ísland og veiðarnar stundaðar í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar Íslands.

4. Staða Promote Iceland umræðunnar.

EKH kynnti frumvarp um stofnun Íslandsstofu. Gerður var góður rómur að þeim hugmyndum sem þar birtast og komið með nokkrar ábendingar. Ræddar voru áhyggjur af lokun skrifstofanna erlendis en einnig þau tækifæri sem felast í auknu samstarfi við utanríkisþjónustuna.

5. Önnur mál.

Engin.

Fleira var ekki rætt en sleit formaður fundi kl. 10:15. Stefnt er að næsta fundi föstudaginn 3. apríl n.k. kl. 8:30.